

JAFNRÉTTISÁÆTLUN KELDNA

Inngangur

Jafnréttisáætlunin byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Stefnt er að því að jafnréttissjónarmið séu samþætt allri starfsemi Tilraunastöðvarinnar og að jafnrétti kynjanna verði haft að leiðarljósi við stefnumótun, ákvarðanatöku, áætlanagerð.

Jafnrétti á vinnustað er grundvallarréttur alls starfsólksog stúdenta. Tilraunastöðinni er kappsmál að tryggja vellíðan starfsfólks og nemenda og skapa vinnuumhverfi sem gerir öllum kleift að njóta sín á jafnréttisgrundvelli. Stefna Tilraunastöðvarinnar gegn mismunun nær til hvers kyns mismunar á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, heilsufars, þjóðernis, litarháttar, uppruna, trúarbragða, skoðana, menningar eða stöðu að öðru leyti, sem lítilsvirðir eða misbýður einstaklingi eða hópi sem fyrir henni verður.

Áréttað er að jafnréttisáætlun Keldna tekur eingöngu til kynjajafnréttis

Jafnréttisáætlun Tilraunastöðvarinnar tók gildi í desember 2021 og verður endurskoðuð í síðasta lagi í desember 2024.

Markmiðssetning og aðgerðir:

Markmið I.

Almennt markmið:

Að stjórnendur séu á öllum tímum vel uppfræddir og meðvitaðir um jafnréttismál.

Sértækt markmið:

Stjórnendur, þ.m.t. deildarstjórar, sækji námskeið og fræðslu um jafnréttismál fyrir lok maí ár hvert til að fylgja eftir jafnréttisáætlun Keldna.

Ábyrgðaraðili:

Forstöðumaður og framkvæmdastjóri.

Markmið II.

Almennt markmið:

Að tryggja jafnt kynjahlutfall starfsfólks Keldna.

Sértækt markmið:

Í auglýsingum um störf á Keldum sé gætt jafnræðis og jafnrar virðingar kynjanna. Þar komi fram að starf sem er laust til umsóknar standi opið öllum óháð kyni.

Vísa skal í heimild í jafnréttislögunum og beita tímabundnum sértækum aðgerðum til að jafna stöðu kynjanna.

Hvetja skal það kyn sem er í minnihluta á stofnun/deild til að sækja um enda komi það fram í auglýsingu að ástæðan sé jöfnun kynjahlutfalls.

Velja skal umsækjanda af því kyni sem er í minnihluta á umræddu starfs- eða fræðasviði, í þeim tilvikum þegar fleiri en einn umsækjandi um starf eru metnir jafnhæfir.

Ábyrgðaraðili:

Framkvæmdastjóri, forstöðumaður og deildarstjórar.

Tímarammi:

Regluleg úttekt á ráðningarferli á mánaðarlegum fundum framkvæmdastjóra, forstöðumanns og deildarstjóra

Markmið III

Almennt markmið:

Að kynjahlutfall sé jafnt í stjórn Keldna og að í nefndum sem starfa innan Tilraunastöðvarinnar sé fyllsta jafnréttis gætt.

Sértækt markmið:

Þegar tilnefndir eru fulltrúar í stjórn Keldna skulu allir sem tilnefna fulltrúa gæta þess að kynjahlutfall sé jafnt, einnig er stuðst við gildandi jafnréttislög, en þar kemur fram hvernig nefndum og ráðum hjá ríki og sveitafélögum skuli háttað og hvernig eigi að tilnefna fulltrúa óháð kyni.

Þegar forstöðumaður Keldna tilnefnir fulltrúa í nefndir á vegum Keldna skal þess ætíð gætt að kynjahlutfall sé jafnt og fyllsta jafnréttis sé gætt að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili:

Forstöðumaður, stjórn Tilraunastöðvarinnar og ráðuneyti sem tilnefna fulltrúa í stjórn Keldna, auk háskólaráðs sem skipar í stjórn Keldna.

Tímarammi:

Forstöðumaður leggur árlega fyrir stjórnarfund yfirlit yfir tilnefningar og skipanir.

Markmið IV.

Almennt markmið:

Að réttindi og möguleikar kynja til endur- og símenntunar og annars sem þroskað getur viðkomandi í starfi séu jöfn.

Sértækt markmið:

Yfirmenn/deildarstjórar hvetji starffólk í öllum starfsheitum óháð kyni þess til þess að sækja sér endur- og símenntun og sækja fundi og ráðstefnur sem geta þroskað viðkomandi í starfi.

Ábyrgðaraðili og tímarammi:

Sérhver launþegi hafi starfsþróunaráætlun til tveggja ára þar sem tilgreindar eru fræðslu og starfsþróunarþarfir hans, sjá eyðublað í fylgiskjali. Starfsfólk sækir í starfsmenntunarsjóði þar sem það á við. Starfsfólk meti í samráði við yfirmann ávinning af fræðslu. Forstöðumaður er ábyrgðaraðili og verkefnið er viðvarandi.

Markmið V.

Almennt markmið:

Að réttindi og möguleikar nemenda í rannsóknaverkefnum séu jöfn óháð kyni varðandi aðstöðu og handleiðslu.

Sértækt markmið:

Fylgt er sértækum markmiðum frá Háskóla Íslands eða þeim öðrum háskóla sem nemandi er skráður við.

Ábyrgðaraðili:

Rannsóknanámsnefndir Háskóla Íslands eða annarra háskóla sem nemandi er skráður við taka á ábyrgð, aðgerðum og tímaramma einstakra aðgerða.

Markmið VI.

Almennt markmið:

Tryggt sé að starfsfólki sé aldrei mismunað á grundvelli kynferðis, starfsheitis og/eða stéttarfélags.

Sértækt markmið:

Tilraunastöðin skuldbindi sig til að mismuna ekki starfsfólki, hvorki eftir kyni eða starfsheiti. Ekki heldur varðandi ýmis hlunnindi s.s. skólagjöld, aksturshlunnindi og ferða- og dagpeninga.

Ábyrgðaraðili:

Forstöðumaður, framkvæmdastjóri og deildarstjórar. Stofnunin mun bregðast við ef starfsfólki er faglega mismunað eftir kyni.

Markmið VII.

Almennt markmið:

Að tryggja að kynbundin launamunur finnist ekki á Keldum.

Sértækt markmið:

Viðhalda jafnlaunavottun með árlegum úttektum á vormánuðum.

Gera launagreiningu í aðdraganda jafnlaunaúttekta og bregðast við niðurstöðum hennar eftir því sem þörf krefur.

Ábyrgðaraðili:

Forstöðumaður og framkvæmdastjóri.

Tímarammi:

Unnið er eftir starfsmatskerfi HÍ í stjórnsýslu og stigakerfi vísinda- og nýsköpunarsviðs HÍ. Regluleg endurskoðun og úttekt fer fram skv. jafnréttisstefnu HÍ.

Markmið VIII.

Almennt markmið:

Að stuðla að samþættingu atvinnu- og einkalífs starfsfólks óháð kyni.

Sértækt markmið:

Að flétta sjónarhorn kynferðis inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku og gera starfsfólki kleift að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf óháð kyni.

Ábyrgðaraðili:

Forstöðumaður og framkvæmdastjóri.

Tímarammi:

Deildarstjórafundir eru haldnir á tveggja vikna fresti. Þetta málefni verður tekið fyrir á deildarstjórafundi á hverri önn (vor og haust) ár hvert.

Markmið IX.

Almennt markmið:

Tryggt verði að einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni fái ekki þrífist á Tilraunastöðinni.

Sértækt markmið:

Halda árlega fræðslufundi fyrir lok nóvember allt starfsfólk og hvetja til umræðu í lok þeirra. Yfirmenn yfirfari árlega ferla um hvernig bregðast skuli við ef upp kemur einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni.

Ábyrgðaraðili:

Forstöðumaður og framkvæmdastjóri.

Tímarammi:

Tilraunastöðin nýtir sér fræðslu og verklagsreglur Háskóla Íslands um viðbrögð við einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni og hefur aðgang að því ferli. Forstöðumaður leggur fyrir stjórn Tilraunastöðvarinnar árlegt yfirlit yfir fjölda mála á Tilraunastöðinni.